

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra,  
þriðjudaginn 9. október 2012, kl. 16.30, á Skagaströnd**

Mætt voru: Björg Baldursdóttir formaður, Bjarni Jónsson, Guðný Kjartansdóttir, Þóra Sverrisdóttir, Ragnar Smári Helgason og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi. Formaður setti fund og stjórnaði honum.

**Dagskrá:**

**1. Stofn- og rekstrarstyrkir – úthlutun**

Umsóknarfrestur um stofn- og rekstrarstyrki rann út 24. sept. sl. Alls bárust 17 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmunum 32 milljónum króna í styrki. Menningarráð úthlutaði styrkjum til átta aðila, alls að upphæð 10,3 milljónir.

Við afgreiðslu einstakra umsókna var fylgt lögum um vanhæfi nefndarmanna. Ekki verður um sérstaka úthlutunarathöfn að ræða að þessu sinni.

**2. Aðalfundur menningarráðs**

Aðalfundur menningarráðs verður föstudaginn 12. okt. nk., kl. 09.15, í félagsheimilinu Fellsborg á Skagaströnd. Fundurinn er í tengslum við ársþing SSNV sem hefst á sama stað kl. 10.00. Farið var yfir tilhögun fundarins.

**3. Bréf frá Árnastofnun**

Kynnt var bréf frá Guðrínu Nordal, forstöðumanni Stofnunar Árna Magnússonar. Á næsta ári er 350 ára afmæli Árna og vill stofnunin minnast afmælisins með því að vekja athygli á þeim margslungna menningararfi sem tengist nafni hans. Hluti þess er að setja upp handritasýningu í hverjum landshluta, ásamt skólakynningum. Í bréfinu er m.a. óskað eftir samvinnu við menningarfulltrúa og hefur þeirri beiðni verið svarað jákvætt.

Efni bréfsins var rætt en ekki var gerð ályktun um innihald þess.

**4. Önnur mál**

- a) Núverandi menningarsamningur við ríkið rennur út í árslok 2013. Stefnt er að því að auglýst verði eftir umsóknum um verkefnastyrki og stofn- og rekstrarstyrki í janúar nk. Nánari ákvörðun verður í höndum nýs menningarráðs.
- b) Kjörtímabil núverandi menningarráðs er að renna út og á ársþingi SSNV, 13. okt. nk., verður skipað í nýtt menningarráð til tveggja ára. Fundarmenn þökkuðu hver öðrum fyrir gott samstarf.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19.15.

Ingibergur Guðmundsson